

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum, Neðri-Hveradalir, reitur 10.

Um er að ræða óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Kerlingarfjöll, svæði Fannborgar, staðfest í janúar 2014. Breytingin tekur til hluta þess skipulags og nær yfir núverandi bílastæði og salerni við Neðri-Hveradali, merkt sem reitur 10 sem verður felldur úr gildi. Unnið hefur verið nýtt deiliskipulag fyrir þann hluta svæðisins sem samþykkt var til auglýsingar í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 2. mars 2023.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. mars 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. apríl 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 21. apríl 2023